

**Nd.**

**705. Nefndarálit**

[201. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum. Hafa þar mætt til viðræðu um frv. biskupinn yfir Íslandi, stjórn Prestafélags Íslands, biskupsritari og landnámsstjóri. Af viðræðum við þessa aðila varð nefndinni ljóst, að biskupinn og meiri hl. þeirrar nefndar, sem undirbjó lögina frá 1952 um skipun prestakalla, lítur svo á, að óheimilt sé að skipta þeim prestssetrum, sem þar eru ákveðin, nema ný lagafyrirmæli komi til. Það var enn fremur upplýst, að verið er að undirbúa skiptingu á 3 prestssetursjörðum með fullu samþykki þeirra aðila, er um það eiga að fjalla. Loks viðurkenndu nokkrir þessara aðila, að enn væru nokkrar prestssetursjarðir, sem ástæða gæti verið til að skipta og að skaðlausu fyrir búrekstur á þeim prestssetrum, miðað við núverandi búskaparhætti hér á landi.

Á grundvelli þessara upplýsinga og með sérstöku tilliti til þeirra staðhæfinga, að skipting prestssetursjarða sé nú óheimil að óbreyttum lögum, þá telur meiri hluti landbúnaðarnefndar, án þess að kveða þó upp nokkurn dóm um það atriði, ríka ástæðu til að setja nú þegar lagafyrirmæli, sem taki af öll tvímæli um, að umrædd skipting sé heimil.

Af þessum ástæðum og þar sem meiri hluti landbúnaðarnefndar er fylgjandi hóflegri skiptingu stórra prestssetursjarða, leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU:**

1. gr. orðist þannig:

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, að skipta prestssetursjörðum og enn fremur að taka leigunámi, ef með þarf, og byggja á erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru hafa það mikið landrými, að tilskilið land fái til nýbýlastofnunar, enda sé þess ávallt gætt, að landrými viðkomandi prestsseturs verði þrátt fyrir skiptinguna það mikið, að þar megi eftir sem áður reka allstórt bú.

Alþingi, 1. febr. 1953.

Ásgeir Bjarnason,  
form.

Jón Sigurðsson,  
fundaskr., frsm.

Ásmundur Sigurðsson.

Jón Gíslason.